

Staðfesting til forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Guðnýjar Ellu Sigurðardóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum, af dómsmálaráðherra 29. júní 1983.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Guðnýjar Ellu Sigurðardóttur.

1. Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Guðnýjar Ellu Sigurðardóttur og er stofnaður 25. maí 1983 til minningar um Guðnýju Ellu Sigurðardóttur yfirkennara Þroskaþjálfaskóla Íslands er andaðist 29. janúar 1983.
2. Markmið sjóðsins er að styrkja nemendur er lokið hafa námi við Þ.S.Í. til framhaldsnáms. Við styrkveitinguna skal haft það sjónarmið að veita eigi fleiri styrki en svo að þeir komi styrkþega að verulegum notum.
3. Stofnendur eru kennarar, nemendur, skólastjórn Þ.S.Í., Félag þroskaþjálfra ásamt nokkrum öðrum aðilum.
4. Stofnfé sjóðsins er **23 300,00** kr.
5. Tekjur sjóðsins eru arður af eignum hans, svo og gjafir og áheiti, er honum kunna að berast.
Fé sjóðsins skal ávaxta á þann hátt, er sjóðstjórn telur hagkvæmasta.
6. Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða.
7. Stjórn sjóðsins skipa skólastjóri Þ.S.Í., fulltrúi úr skólastjórn, fulltrúi kennara við Þ.S.Í., fulltrúi úr Félagi þroskaþjálfra og fulltrúi úr fjölskyldu Guðnýjar Ellu.
Nefndir fulltrúar skulu valdir til 4ja ára í senn.
8. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Halda skal sérstaka gerðabók fyrir sjóðinn, færa í hana árlega reikninga sjóðsins og skrá í hana allar gerðir, er sjóðinn varða.
9. Telji sjóðstjórn að nauðsyn beri til að breyta skipulagsskrá þessari vegna breyttra aðstæðna, er henni það heimilt, enda samþykkti dómsmálaráðuneytið breytinguna.
10. Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

6. júlí 1983

Nr. 503

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Heilsuhællissjóð Náttúrulækningafélags Íslands, útgefin á venjulegan hátt að mandatum, af dómsmálaráðherra 6. júlí 1983.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Heilsuhællissjóð Náttúrulækningafélags Íslands.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Heilsuhællissjóður Náttúrulækningafélags Íslands.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Náttúrulækningafélagi Íslands (N.L.F.Í.) og undir yfirstjórn þess í þeim tilgangi að styrkja uppbyggingu og rekstur heilsuhæla, sem starfi í samræmi við c-lið 3. gr. laga N.L.F.Í. og reknar eru sem sjálfseignastofnanir, svo og aðra starfsemi N.L.F.Í., sbr. 2. gr. laga félagsins.